

Menningarfélag Akureyrar ses.

Ársreikningur 1. ágúst 2019 til 31. júlí 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 11

Menningarfélag Akureyrar ses
Strandgötu 12, 600 Akureyri
Kennitala 431014-0330

Skýrsla stjórnar

Menningarfélag Akureyrar ses er sjálfseignarstofnun. Tilgangur hennar er að efla menningarlíf og menningartengda ferðaþjónustu m.a. með því að efla atvinnustarfsemi í leiklist og símfónískri tónlist á Akureyri. Félagið skapar öflugan vettvang fyrir þrjár af stærstu menningarstofnunum á Norðurlandi til að starfa saman og sækja fram í menningarlífi á Akureyri með rekstri Leikfélags Akureyrar, Símfóníuhljómsveitar Norðurlands og Menningarfélagsins Hofs.

Rekstrartekjur félagsins á rekstrarárinu 1. ágúst 2019 til 31. júlí 2020 námu kr. 408,8 millj. en voru kr. 475,9 millj. fyrir rekstarárið árið áður og hafa lækkað um 14,1% á milli ára. Hagnaður á reikningsárinu nam kr. 26,1 millj. í samanburði við kr. 15,1 millj. tap árið áður. Heildareignir námu í lok rekstarársins kr. 44,5 millj. og eigið fé var neikvætt um kr. -1,2 millj.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Menningarfélag Akureyrar ses og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir reikningsárið 1. ágúst 2019 til 31. júlí 2020 með áritun sinni.

Samþykkt á stjórnarfundi þann 29. október 2020

Stjórn:

Preben Jón Pétursson

Jóhanna María E Matthíasdóttir

Elín Margrét Líðsdóttir

Ágúst Torfi Hauksson

Framkvæmdastjóri:

Þuríður Helga Kristjánsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Menningarfélags Akureyrar ses

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Menningarfélags Akureyrar ses fyrir reikningsárið 1. ágúst 2019 til 31. júlí 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á rekstarárinu 1. ágúst 2019 til 31. júlí 2020, efnahag þess 31. júlí 2020 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu 1. ágúst 2019 til 31. júlí 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Menningarfélagi Akureyrar ses í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Menningarfélags Akureyrar ses. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Enor ehf.

Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1.8.2019 - 31.7.2020

	Skýr.	1.8.2019 - 31.7.2020	1.8.2018 - 31.7.2019
Rekstrartekjur			
Opinber framlög		282.050.000	261.091.670
Húsnæðistekjur		71.033.205	72.232.384
Tekjur af framleiðslu		54.610.759	138.652.857
Aðrar rekstrartekjur		1.066.308	3.907.873
		<u>408.760.272</u>	<u>475.884.784</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna framleiðslu		169.056.310	247.466.244
Laun og launatengd gjöld	3	162.734.314	184.134.992
Rekstur húsnæðis og tækja		28.342.328	31.000.673
Annar rekstrarkostnaður		21.630.755	27.856.637
		<u>381.763.707</u>	<u>490.458.546</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		26.996.565	(14.573.762)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		243.481	137.629
Vaxtagjöld og verðbætur		(1.180.723)	(627.622)
		<u>(937.242)</u>	<u>(489.993)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>26.059.323</u>	<u>(15.063.755)</u>

Efnahagsreikningur 31. júlí 2020

Eignir	Skýr.	31.7.2020	31.7.2019
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	4	25.941.393	12.683.925
Aðrar skammtímakröfur		13.261.667	4.425.123
Handbært fé		5.290.914	7.255.569
		<u>44.493.974</u>	<u>24.364.617</u>
Eignir samtals		<u>44.493.974</u>	<u>24.364.617</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Stofnfé		1.500.000	1.500.000
Ójafnað tap		(288.448)	(26.347.771)
		<u>1.211.552</u>	<u>(24.847.771)</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		15.571.322	9.298.494
Skuldbinding vegna óinnleysta gjafakorta		7.158.600	6.644.633
Fyrirfram innheimtar tekjur		12.578.979	23.766.211
Aðrar skammtímaskuldir		7.973.521	9.503.050
		<u>43.282.422</u>	<u>49.212.388</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>44.493.974</u>	<u>24.364.617</u>
Aðrar upplýsingar	6-8		

Sjóðstreymi 1.8.2019 - 31.7.2020

	Skýr.	1.8.2019 - 31.7.2020	1.8.2018 - 31.7.2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Hagnaður (tap) ársins		26.059.323	(15.063.755)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(22.094.012)	2.392.096
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(5.929.966)	11.173.815
		(28.023.978)	13.565.911
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		(1.964.655)	(1.497.844)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(1.964.655)	(1.497.844)
Handbært fé í byrjun árs		7.255.569	8.753.413
Handbært fé í árslok		5.290.914	7.255.569

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Menningarfélag Akureyrar ses er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá í samræmi við lög 19/1988.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á vöru og þjónustu að teknu tilliti til afslátta. Tekjur af vörusölu eru skráðar þegar áhætta og eignarréttur vörunnar hefur færst yfir til kaupanda. Tekjur fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Eigið fé

Stofnfé er fært á nafnverði.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	1.8.2019 - 31.7.2020	1.8.2018 - 31.7.2019
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	159.942.291	192.889.965
Launatengd gjöld	34.936.595	42.417.896
Áunnið orlof, breyting	(304.760)	350.200
Dagpeningar	1.428.430	1.602.977
	196.002.556	237.261.038
Millifært á kostnað vegna framleiðslu	(33.268.242)	(53.126.046)
	162.734.314	184.134.992
Fjöldi ársverka	26	35

4. Viðskiptakröfur

	31.7.2020	31.7.2019
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	28.745.721	14.873.278
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(2.804.328)	(2.189.353)
	25.941.393	12.683.925

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða á óbeinni afskrift í upphafi rekstarársins	2.189.353	1.691.980
Endanleg afskrift tapaðra krafna	(501.727)	(3.950.838)
Framlag í afskriftareikning	1.116.702	4.448.211
	2.804.328	2.189.353

5. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða 1.8.2019	1.500.000	(26.347.771)	(24.847.771)
Hagnaður		26.059.323	26.059.323
Staða 31.7.2020	1.500.000	(288.448)	1.211.552

6. Skattamál

Félagið er undanþegið skattskyldu samkvæmt 5. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003.

Skýringar

7. Viðskipti við tengda aðila

Aðal- og varamenn í stjórn félagsins auk æðstu stjórnenda eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

8. Önnur mál

Akureyrarbær leggur félaginu til fasteignir fyrir starfsemi sína án endurgjalds.

Undirritunarsíða

Endurskoðandi
Davíð Búi Halldórsson

Stjórnarformaður
Preben Jón Pétursson

Stjórnarmaður
Jóhanna María E Matthíasdóttir

Stjórnarmaður
Elín Margrét Lýðsdóttir

Stjórnarmaður
Ágúst Torfi Hauksson

Framkvæmdastjóri
Þuríður Helga Kristjánsdóttir